

BREYTING Á FISKELDI Í SJÓKVÍUM SÆSILFURS HF. Í MJÓAFIRÐ ÚR 8.000 TONNUM AF LAXI Í 7.000 TONN AF LAXI OG 1.000 TONN AF ÞORSKI, FJARÐABYGGÐ

Ákvörðun um matsskyldu

HELSTU NIÐURSTÖÐUR

Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð breyting á fiskeldi í sjókvíum Sæsilfurs hf. í Mjóafirði úr 8.000 tonnum af laxi til mannelis í allt að 7.000 tonn af laxi og 1.000 tonn af þorski sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar starfsleyfi Umhverfisstofnunar sbr. reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, rekstrarleyfi Landbúnaðarstofnun, veiðimálastjórn skv. reglugerð nr. 1011/2003 um búnað og innra eftirlit í fiskeldisstöðvum og rekstrarleyfi Fiskistofu samkvæmt lögum nr. 33/2002 um eldi nytjastofna sjávar.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Sæsilfur hf. og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynntar hafa verið við meðferð málsins á fyrri stigum og vöktun á aðgerðum og áhrifum þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

INNGANGUR

Þann 16. febrúar 2007 tilkynnti Sæsilfur hf. fyrirhugaðar breytingar á starfsemi sinni í Mjóafirði, Fjarðabyggð, til Skipulagsstofnunar samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 13a, sbr. liður 1g, í 2. viðauka laganna. Breytingin felst í því að í stað þess að í sjókvíum yrðu alin allt 8.000 tonn af laxi til manneldis yrðu alin þar allt að 7.000 tonn af laxi og 1.000 tonn af þorski.

Skipulagsstofnun leitaði álits Fjarðabyggðar, Hafrannsóknastofnunarinnar, Landbúnaðarstofnunar- dýralæknis fisksjúkdóma og veiðimálastjórn og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Fjarðabyggð með bréfi dags. 6. mars 2007, Hafrannsóknastofnuninni með bréfi dags. 5. mars 2007, Landbúnaðarstofnun- dýralækni fisksjúkdóma með bréfi dags. 6. mars 2007 og veiðimálastjórn með bréfi dags. 21. febrúar 2007 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 28. febrúar 2007.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Fyrirhuguð framkvæmd. Sæsilfur hf. hefur starfsleyfi til framleiðslu á allt að 8.000 tonnum af laxi til manneldis í þremur þyrpingum (staðsetningum) eldiskvía í Mjóafirði. Sæsilfur hf. hyggst breyta eldi sínu þannig að í stað eldis á 8.000 tonnum af laxi til manneldis verði alin allt að 7.000 tonn af laxi og 1.000 tonn af þorski til manneldis. Fyrirhugað er að sækja um breytingu á starfsleyfi sem felur þetta í sér. Staðsetning kvíaþyrpinganna (á sjókorti nr. 73) samkvæmt starfsleyfi er og verður 1. 65° 12,2'n - 13° 50,8'v; 2. 65° 12,0'n - 13° 47,7'v; 3. 65° 12,0'n - 13° 44,8'v. Fram kemur að ekki verður um að ræða aukningu á framleiddu magni í Mjóafirði, heldur verði skipt út einni eldistegund fyrir aðra. Engar breytingar verði á losun lífrænna efna út í umhverfið þar sem notast verði við þurrfóður líkt og gert hafi verið frá upphafi í laxeldi framkvæmdaraðila í firðinum. Þær forsendur sem gefnar voru fyrir næringarefnalosun í tengslum við veitingu starfsleyfis á sínum tíma ættu því ekki að hafa breyst. Engar framkvæmdir séu fyrirhugaðar vegna breytinga á starfsleyfi og þar af leiðandi sé ekki um bein umhverfisáhrif að ræða af völdum framkvæmda. Sjúkdómahætta ætti ekki að koma í veg fyrir að hægt sé að samnýta staðsetningar fyrir eldiskvíar lax og þorsks þar sem einungis lítill hluti þekktra smitsjúkdóma í fiskum eru sameiginlegir fyrir ferskvatns- og sjávartegundir.

Tilgangur framkvæmdarinnar er að tryggja rekstur Sæsilfurs hf. til framtíðar með því að nýta þá sérfræðipækkingu og þá aðstöðu sem til staðar er hjá Sæsilfri hf. í Mjóafirði og skapa grundvöll fyrir frekari uppbyggingu þorskeldis á Íslandi.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt. Fjarðabyggð, Hafrannsóknastofnunin, Landbúnaðarstofnun- dýralæknir fisksjúkdóma og veiðimálastjórn og Umhverfisstofnun telja að umhverfisáhrif framkvæmdarinnar verði ekki umtalsverð og að framkvæmdin skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Landbúnaðarstofnun- dýralæknir fisksjúkdóma, bendir á að einungis lítill hluti þekktra smitsjúkdóma í fiskum sé sameiginlegur fyrir ferskvatns- og sjávartegundir en þann möguleika þurfi þó að hafa í huga þegar skipuleggja eigi stærra svæði til eldis mismunandi tegunda vegna mögulegra sammögnunaráhrifa. Í ljósi þekkingar varðandi

sjúkdóma og að teknu tilliti til heildarumfangs fiskeldis í Mjóafirði í dag sé ekki þörf á að fyrirhugað sjókvíaelði á þorski á vegum Sæsilsfurs hf. fari í sérskilyrt umhverfismat, þ.e.a.s. um þá þætti sem snúa að fisksjúkdómum. Þyngst vegi þau rök að slíkt eldi gæti á engan hátt haft neikvæð áhrif á heilbrigði og viðgang þeirra villtu fiskistofna sem fyrir eru í vistkerfi Mjóafjarðar og nágrennis.

Landbúnaðarstofnun- veiðimálastjórn, bendir á að þegar starfsleyfi liggi fyrir þurfi að sækja um rekstrarleyfi fyrir eldi á laxfiskum til Landbúnaðarstofnunar og um rekstrarleyfi fyrir þorskeldi til Fiskistofu.

Umhverfisstofnun bendir á að endurskoða þurfi starfsleyfi Sæsilsfurs hf. m.t.t. fyrirhugaðra breytinga.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða að breytingu á fiskeldi Sæsilsfurs hf. á tilgreindum þremur eldissvæðum í Mjóafirði þannig að í stað allt að 8.000 tonna eldis af laxi verði alin allt að 7.000 tonn af laxi og 1.000 tonn af þorski. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 13a, sbr. lið 1g, í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Skipulagsstofnun telur að áhrif, fyrirhugaðrar breytingar á eldi í sjókvíum í Mjóafirði, á vistkerfi Mjóafjarðar verði óveruleg þar sem ekki er gert ráð fyrir að mengunarálag aukist og að framkvæmdin muni ekki hafa neikvæð áhrif á heilbrigði og viðgang villtra fiskstofna í vistkerfi Mjóafjarðar.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Sæsilsfurs hf. við tilkynningu og umsagnir, sem ekki gáfu tilefni til sérstakra viðbragða af hálfu Sæsilsfurs hf. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð breyting á fiskeldi í sjókvíum Sæsilsfurs hf. í Mjóafirði, úr allt að 8.000 tonnum af laxi í allt að 7.000 tonn af laxi og 1.000 tonn af þorski, sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar starfsleyfi Umhverfisstofnunar sbr. reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, rekstrarleyfi Landbúnaðarstofnunar, veiðimálastjórn skv. reglugerð nr 1011/2003 um búnað og innra eftirlit í fiskeldisstöðvum og rekstrarleyfi Fiskistofu samkvæmt lögum nr. 33/2002 um eldi nytjastofna sjávar.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Sæsilsfur hf. og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhöggun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins á fyrri stigum og vöktun á aðgerðum og áhrifum þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 13. apríl 2007.

Reykjavík 14. mars 2007

Hólmfríður Sigurðardóttir

Þóroddur F Þóroddsson

